



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 11. tbl.

Desember 2017



*Bestu óskir um gleðilega
jólahátíð, farsæld og frið
á komandi ári til íbúa,
sumarhúsaeigenda
og samstarfsfólks.
Kærar þakkir fyrir
samskiptin á árinu
er senn kveður.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Skeiða- og Gnúpverjahrepps.*





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.janúar 2018.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Opnunartími skrifstofu um jól og áramót!

27. desember. Lokað.

28. og 29. desember og 2. janúar 2018

opið eins og venjulega.

Gleðilega hátíð!

Starfsfólkið.



Opnunartími gámasvæða.

Við Árnes opið:

priðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árnesi.

Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn. (Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

893-7016 eða 462-5301.



HRUNAPRESTAKALL

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í *Ólafsvallakirkju kl. 23.*

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. *Hrepphólakirkja kl. 11* og ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í *Hrunakirkju kl. 22.* Kirkjan lýst upp með kertaljósum.

31. desember - gamlársdagur Guðsþjónusta í *Tungufellskirkju kl. 14:30.*

3. janúar – fyrsti sunnudagur í nýári: Nýársmessu í *Hrepphólakirkju kl. 11.* Þjóðlegur hádegisverður á eftir.

Athugið: *Þar sem framkvæmdum í Stóra-Núpskirkju er enn ekki lokið, falla niður áður auglýstar messur þar, bæði á jóladag og á gamlársdag. Bent er á messur í nágrannakirkjum.*

Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar.
Guð gefi okkur góða aðventu og gleðileg jól.
Óskar Hafsteinn Óskarsson
Sóknarprestur.

Sem fyrr er hægt að kveikja á rafljósum í kirkjugörðum prestakallsins nú á aðventunni. Til að standa straum af kostnaði vegna rafmagnsnotkunar ofl. hafa sóknarnefndir prestakallsins ákveðið að setja upp 1000 kr. gjald fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er við rafmagn. Er fólk beðið um að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur:	0152-05-264429	kt. 491098-3339
Ólafsvellir:	0152-15-371512	kt. 490269-3399
Hruni:	0325-26-18952	kt. 640169-222
Hrepphólar:	0325-26-9068	kt. 640169-3039

Helstu upplýsingar um kirkjustarfið er að finna á www.hruni.is
En einnig á [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).



**Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.**



**Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770
Opið virka daga kl. 08:00 -16:00**

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30
Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja- útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Velferðarþjónusta Árneshings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árneshings er
María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is


Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Ó syng þínum Drottni!

Viljum aðeins minna á geisladiskinn okkar þar sem sameiginlegur kór Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna syngur valda sálma eftir sr. Valdímar Briem, og Haukur Guðlaugsson leikur orgelverk á orgelið í Skálholti. Diskurinn er til sölu í Sunnlenska Bókakaffinu á Selfossi, Kirkjuhúsinu Laugavegi 31, Lyfju Laugarási, Skálholtsskóla, hjá Þorbjörgu organisti kirknanna og Kristjönu Heyden 863-9518. Katrín Briem teiknaði myndir við sálmana í textahefti sem fylgir og mynd á forsíðu disksins er málverk af sálmaskáldinu, eftir Ásgrím Jónsson, listmálara.





Guesthouse Denami - Vestra-Geldingaholt
www.denami.is — josefine@denami.is

**Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**
Opið alla fimmtudaga 20:00 -22:00
Opið eins og venjulega yfir jólin!
S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is



<http://www.allirlesa.is>
<http://www.leitir.is>



Áætlun Landflutninga í Árnassýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka
daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP



facebook

www.landflutningar.is



Skáld í skólum - Þriðjudaginn 7. nóvember fengum við Aðalstein Ásberg og Svavar Knút í heimsókn. Þeir eru á

ferðinni um landið í tengslum við verkefnið „Skáld í skólum“ en markmið með dagskránni er að kynna fyrir nemendum íslensk ljóðskáld. Þeir félagar fluttu okkur æviágrip Tómasar Guðmundssonar skálds í máli og myndum og með ljóðum og söng.



Dagur gegn einelti - 8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu. Við byrjuðum daginn á fræðslu um forvarnir gegn einelti, fórum yfir eineltishringinn og ræddum um það hvað hver og einn getur gert í skólasamfélaginu til þess að stuðla að betri líðan. Þennan dag unnum við samvinnuverkefni með einkunnarorð skólans:



Vinátta – Gleði – Virðing. Stafir úr tré voru málaðir, þaktir myndum af nemendum og síðan hengdir upp á vegg. Allir settu handafarið sitt fyrir neðan einkunnarorðin til þess að samþykkja að þeir ætli að leggja sitt að mörkum. Handarförin voru græn þar sem við ætlum að vera „græni karlinn“ á eineltishringnum, sá sem hjálpar ef hann sér að einhver óæskileg hegðun er að eiga sér stað.

Pappírsgerð - Á stöðvavinnu í nóvember vorum við að endurvinna og búa til pappír úr afgangum. Nemendur lærðu grunntækni í pappírsgerð: rífa niður gömul blöð, bleyta þau, tæta og móta þau í gjafakort.



Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember með skemmtun í Árnosi. Nemendur sungu, fóru með ljóð og buðu gestum að taka þátt í spurningaleik um Heklu. Í lokin var síðan danssýning þar sem nemendur skólans og skólahópur Leikholts sýndu gestum hvað þeir höfðu lært í danstímum hjá Silju í haust.



Fyrsta sunnudag í aðventu var aðventukvöld skólans. Nemendur sungu jólalög og léku helgileik fyrir gesti. Fermingarbörn voru einnig með upplestur og kirkjukórinn söng nokkur lög. Falletg kvöld sem hjá

mörgum er orðinn fastur liður í undirbúningi jóllanna.

Jólaferð í skóginn –

Miðvikudaginn 6. desember fórum við í skóginn í jólaferðina okkar. Þar vorum við að vinna að ýmsum skemmtilegum jólasveinaverkefnum,



dansað var kringum jólatré og allir fengu kakó og lummur.

Hrósperur - Aðventan er tími gleði og eftirvæntingar. Í Þjórsárskóla höfum við ákveðið að hrósa fyrir góðverk með því að skrifa hrósin í hrósperur, sem nemendur og starfsfólk gefa hvert öðru. Perurnar eru hengdar jafnóðum upp í stofunni. Með þessu móti stuðlum við að gleði og vellíðan í hjörtum barnanna, svo þau njóti aðventunnar enn frekar. Kveðja Selma.



**Kveðjur úr skólanum.
Kristín og Bolette.**



Leikholtsfréttir í desember

Ýmislegt hefur verið brallað í Leikholti í nóvember. Þann 16. nóvember var Dagur íslenskrar tungu og þá söfnuðust báðar deildir inn í sal og sungu fyrir hvor aðra, foreldra og starfsfólk. Ýmsar vísur voru sungnar eins og Ferstiklur, Haustlagið og Bullum tröll ☺ og stóðu þau sig með prýði eins og venjulega. Elsti árgangurinn fékk síðan að fagna Degi íslenskrar tungu tvisvar sinnum með því að taka einnig þátt í skemmtun með 1. og 2.



bekk í Þjórsárskóla. Í Árnesi eftir hádegi þann dag sungu þau með þeim lag og dönsuðu dans sem þau fengu að æfa í heimsóknunum þeirra í vetur.

Þeim gekk ofsalega vel og var þetta skemmtileg viðbót við samstarfið á milli leik- og grunnskóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í lok nóvember var vasaljósadagur í skammdeginu og var þá unnið og leikið saman með vasaljósum.

Í desember eru börnin að fönðra jólaskraut, baka piparkökur og eiga gæðastundir í burtu frá öllu jólastressi. Þau eru búin að perla margar fallegar jólamyndir, hafa jólasveinahúfudag og leika sér daginn út og inn og læra mikið í leiðinni. Myndirnir sýna börnin sæl með snjóinn í sleðabrekkum á leikskólalóðinni, í ýmsum verkefnum inni, syngja í salnum á Degi íslenskrar tungu og síðast en ekki síst á jólasveinahúfudegi.



Börn og starfsfólk í leikskólanum Leikholti óska öllum gleðilegra jóla og vonast til að allir hafi það gott um hátíðarnar og muni að njóta augnabliksins og leika sér.

Gleðileg jól

Jólakveðja frá öllum í Leikholti.





www.Hialin.is

Silkiprentuð munstur sem
hafa beina skírskotun í
íslenska náttúru.
Sérsaumaðir kjólar,
húfur, leggings og
bolir.

Kíktu í heimsókn og
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689/ vilmarius13@gmail.com



Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider Glampi kostar
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-
Geldingaholti



www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús
698 70 90 Josefine



Reiðhjól til sölu!

Algjörlega ónotað karlmannshjól til sölu. Bögglaberi, hjólápumpa og aðrir fylgihlutir innifaldir.

Verð kr. 65.000,- staðgreitt

(kostaði 95.000,-)

Upplýsingar í síma

486 6143.



Tækjasalur – Íþróttahúsi á Flúðum

opinn mán-fim 16.00-21.30 og fös 13.00-18.00

Tækjasalur: 700 kr. (67 ára og eldri og öryrkjar frítt)

10 miðar 3.800 kr.

Mánaðarkort 4.800 kr.

Árskort í tækjasal 23.200 kr.

Árskort m/sundlaug 29.000 kr.

í tækjasal og sund.



UMFH

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vígússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt. **802**



51. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 15. nóvember 2017 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Gunnar Örn Marteinsson og Kristjana H. Gestsdóttir er sat fundinn í fjarveru Höllu Sigríðar Bjarnadóttur. Auk þess Kristófer A. Tómassonar sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Fjárhagsáætlun 2018-2021. Umfjöllun. Sveitarstjóri fór yfir áætlun einstakra málaflokka í rekstri sveitarfélagsins ásamt tekjuliðum. Talsverðar umræður urðu um áætlunina. Lokaumræða fjárhagsáætlunar verður 6. desember nk.
2. Gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2018. Nokkrar umræður urðu um einstaka liði gjaldskrárinnar. Afgreiðslu frestað til 6. desember nk.
3. Rauðikambur ehf. Samningar um landsvæði í Þjórsárdal. Oddviti greindi frá vinnu við gerð samnings við Rauðakamb ehf um landsvæði í Þjórsárdal með aðkomu Forsætisráðuneytis. Svæðið sem um ræðir stendur á þjóðlendu.
4. Endurskoðun svæðisáætlunar um úrgang. Lagt fram bréf undirritað af Teiti Gunnarssyni fyrir hönd verkefnisstjórnar sorpsamlaga um endurskoðun svæðisáætlunar um úrgang á Suðvesturlandi. Óskað er eftir tilnefningu fulltrúa sveitarfélagsins í tilheyrandi vinnuhóp. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Einar Bjarnason í vinnuhópinn.

Fundargerðir

5. Starfshópur um sameiningarmál. Lögð fram fundargerð frá umræðuhópi er fjallað hefur um möguleika á sameiningum sveitarfélaga í Árnessýslu dagsett 15. september sl.
6. Fundargerð 144. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 2,3,7 og 8 þarfnast umfjöllunar.

Mál 2. Sandlækur 1 land 2 lnr. 201307: Sandholt 1-8: Deiliskipulag – 1703092. Tillaga að deiliskipulagi sem nær til 17,5 ha svæðis úr landinu Sandlækur I land 2 þar sem gert er ráð fyrir 6 um 1,5 ha frístundahúsalóðum á holti sem kallast Sandholt og draga lóðirnar heiti sitt af því. Tillagan var auglýst 31. ágúst sl. með athugasemdafresti til 13. október. Engar athugasemdir bárust utan umsagna frá Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Vegagerðarinnar. Til að koma til móts við umsögn Vegagerðarinnar er tillagan lögð fram með breytingu á tengingu svæðisins við þjóðveg. Í tölvupósti Vegagerðarinnar dags. 7. nóvember sl. kemur fram að ekki sé gerð athugasemd við breytta aðkomu. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagið verði samþykkt með ofangreindum

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið með ofangreindum breytingum

Mál 3.Löngudælaholt lóð 21 lnd 166670:

Aðstöðuhús og geymsla: Fyrirspurn – 1711009

Lögð fram fyrirspurn Landshúsa ehf. dags. 24. október 2017 um hvort að heimilt sé að byggja 60-100 fm aðstöðuhús/fjölnotahús á lóðinni Löngudælaholt 21. Húsið yrði að hluta köld geymsla en einnig upphitað. Yrði húsið notað fyrir tæki en einnig yrði mögulega útbúnar stíur fyrir 4-6 hesta, auk snyrtingar. Skipulagsnefnd mælir ekki með að samþykkt verði að byggja 60-100 fm aðstöðuhús á lóðinni, enda er almennt ekki gert ráð fyrir svo stórum aukahúsum á lóðum innan frístundahverfa.

Sveitarstjórn hafnar því að byggt verði 60-100 fm aðstöðuhús á umræddri lóð.

Mál 7. Árnes: Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Breyting á landnotkun:

Aðalskipulagsbreyting – 1704045

Á fundi skipulagsnefndar þann 27. október sl. var tekin fyrir að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á aðalskipulagi innan þéttbýlisins Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Breytingin var í kjölfarið tekin fyrir og samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundi 1. nóvember sl.

Við afgreiðslu málsins í skipulagsnefnd láðist að leggja fram eitt athugasemda-bréf sem barst á kynningartíma. Er aðalskipulagsbreytingin því lögð fram að nýju ásamt þeim tveim athugasemdabréfum sem bárust á kynningartíma.

Þá liggur fyrir tillaga að umsögn um efnisatriði athugasemda. Skipulagsnefnd telur að innkomnar athugasemdir gefi tilefni til breytinga á tillögunni og samþykkir fyrirbyggjandi umsögn um innkomnar athugasemdir. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki aðalskipulagsbreytinguna að nýju.

Sveitarstjórn samþykkir að nýju ofangreinda aðalskipulagsbreytingu.

Mál 8. Nónsteinn og Bugðugerði: Árnes: Stækkun lóðar og fjölgun:

Deiliskipulagsbreyting - 1706022

Á fundi skipulagsnefndar þann 27. október sl. var tekin fyrir að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulag innan þéttbýlisins Árnes og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Breytingin var í kjölfarið tekin fyrir og samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundi 1. nóvember sl. Við afgreiðslu málsins í skipulagsnefnd láðist að leggja fram eitt athugasemdabréf sem barst á kynningartíma. Er deiliskipulags-breytingin því lögð fram að nýju ásamt þeim tveim athugasemdabréfum sem bárust á kynningartíma. Þá liggur fyrir tillaga að umsögn um efnisatriði athugasemda. Skipulagsnefnd telur að innkomnar athugasemdir gefi tilefni til breytinga á tillögunni og samþykkir fyrirbyggjandi umsögn um innkomnar athugasemdir. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki aðalskipulagsbreytinguna að nýju. Sveitarstjórn samþykkir að nýju samhljóða ofangreinda aðalskipulagsbreytingu

7. Fundargerð 47. fundar Stjórnar BS Skipulags- og Byggingafulltrúa. °
Fundargerð lögð fram. Fjárhagsáætlun lögð fram í fundargerðinni.
Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunin samhljóða.
Í fundargerðinni en greint frá því að Börkur Brynjarsson hafi sagt upp störfum hjá sviðinu og er þar samþykkt að óska eftir starfsmanni í hans stað.
Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að auglýst verði eftir starfsmanni.
Gunnar Örn Marteinsson lagði fram eftirfarandi bókun :
“Tilefni er til að biðja með að auglýsa eftir starfsmanni við Umhverfis- og tæknisviðið og endurskoða starfsemi sviðsins.”
8. Fundargerð 24. fundar Skóla- og velferðarþj. Árneshings. Fundargerð lögð fram og kynnt.
Í fundargerðinni voru lagðar fram reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða.
- Umsagnir***
9. Gjaldskrá Skóla- og velferðarþj. Árneshings 2018. Gjaldskrá þjónustunnar lögð fram, sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða.
10. Bergisinn- Staða á þjónustueiningum- Ársreikningur 2016. Lagt fram og kynnt.
11. Minjastofnun, umsögn um Aðalskipulag 2017-2029. Lögð fram umsögn Minjastofnunar um Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 undirrituð af Kristni Magnússyni. Samþykkt að vísa málinu til Skipulagsráðgjafa.

Önnur mál.

I .Kristjana Gestsdóttir kvaddi sér hljóðs. Hún lagði til að óskað yrði eftir skýrslu um starfsemi bókasafns sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að kalla eftir slíkri skýrslu.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð verkfundar vegna Gatnagerðar í Brautarholti.
- B. Fundargerð 853. Fundar Stjórnar Samband Ísl Svf.
- C. Fundargerð 260. Funar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- D. Fundargerð fagráðs TÁ.
- E. Kynning á Bergisanum BS.
- F. Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Fundi slitið kl .17:00.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 6. desember næstkomandi . Kl. 14.00.




Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri



Flúðaskóli óskar eftir stuðningsfulltrúa í 65% starf frá og með 1. janúar 2018.

Í starfinu felast m.a. létt þríf, aðstoð við nemendur og gæsla í frímínútum. Við erum að leita að jákvæðri manneskju sem hefur gaman af því að vera með börnum í leik og starfi. Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá 8:30 til 13:45 og föstudaga frá 8:30 til 12:30. Launkjör eru samkvæmt kjarasamningi Foss og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2017. Nánari upplýsingar gefa skólástjórnendur í síma 480 6610, einnig má senda póst á gudrunp@fludaskoli.is



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.


Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalda Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com - Jón Hákonarson.



Líður að helgum tíðum.

Kæru sveitungar. Enn og aftur horfum við fram á hátíð frelsarans, hátíð barnanna, ekki síst hátíð samveru fjölskyldna og vina. Í kjölfarið kveðjum við eitt árið enn. Eg held svei mér þá að árin líði hraðar þegar maður hefur náð að fylla hálfu öld.



Þetta er sjötta árið sem ég lifi og starfa í Skeiða – og Gnúpsverjahreppi. Það koma stundir þar sem starfið tekur á. Ekki laust við að maður eigi daga þar sem maður hefur áhyggjur af því hvort maður sé að standa sig sómasamlega. Niðurstaðan af slíkum vangaveltum er ávallt sú að maður sé að gera sitt besta. Mín verk verða aldrei það fullkomin að það sé ekki hægt að gera betur. Það kemur fyrir að maður heyrir útundan sér vangaveltur um hvað sveitarstjórinn sé að gera. Hvernig geti staðið á að hann þurfi að vera að alla virka daga og jafnvel fram á kvöld. Hann sé auk þess með liðsauka á skrifstofunni. Hér áður hafi þetta verið öðruvísi. Ég hef umburðarlyndi fyrir slíkum vangaveltum. Það er fjarri því að ég kvar-
ti yfir aðstæðum í mínu starfi og því síður yfir þeim verkefnum sem heyra undir mig. Það er líflegt starf að vera sveitarstjóri. Þannig hlýtur það að eiga að vera. Það er eðlilegt að íbúar hafi skoðanir á sveitarstjóranum og hvernig hann standi að sínum verkum. Ef maður er algerlega sannfærður, sem ég reyndar er, um að maður sé að vinna af fullum heilindum og ef maður upplifir það að maður búi yfir þjónustulund og vilja til að gera sitt allra besta, þá held ég að maður eigi fullt erindi í að gegna því starfi sem ég gegni. Auðvitað kemur sér vel að hafa eitthvað fleira til brunns að bera.

Hvað var gert á árinu 2017 ?

Rekstur sveitarfélagsins á árinu hefur gengið bærilega. Við höfum komið talsverðu í verk. Nýtt aðalskipulag sem nær til árána 2017-2029 hefur verið í vinnslu allt árið. Það hefur verið lærdómsríkt að koma að því verkefni. Byggð var fullkomin hreinsistöð fyrir skolp í Brautarholti sem kostaði nálægt 50 milljónum. Hún er nægilega stór til að þjóna þeim vexti sem útlit er fyrir á því svæði. Stórt verk á mælikvarða þessa sveitarfélags er hafið. Þá er átt við gatnagerð og lagnir í þéttbýliskjörnunum við Árnes og í Brautarholti. Því verður lokið á næsta ári. Fjárfest var í nýju áhaldahúsi fyrir 13,5 milljónir

og lagt talsvert fé í lagfæringar í kringum félagsheimilin bæði og skólana. Ennfremur var keyptur nýr skólabíll. Það fé sem hefur þurft að reyða fram fyrir þessum umbótum hefur ekki ekki þarfnast lántöku. Það hefur verið tekið úr rekstrinum.

Það er sérlega ánægjulegt að upplifa vaxandi eftirspurn eftir lóðum í sveitarfélaginu. Það á fyrst og fremst við um hverfin við Árnes og í Brautarholti. Ef að líkum lætur munum við sjá rísa nýjar íbúðir á báðum stöðunum á næsta ári. Gætu þær orðið fleiri en fingur annarrar handar á hvorum stað. Á undanförunum mánuðum hafa fyrirspurnir verið margar í þessum efnum. Það sem er sammerkt með þeim er áhugi fyrir að flytja í samfélagið og ástæðurnar þær að hér sé gott að búa. Framkvæmdir í sveitarfélaginu ýta eflaust undir það einnig.

Fjárhagsáætlun – áherslur 2018.

Þann 6 desember var fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 samþykkt ásamt grófri áætlun árána 2019-2021. Við gerum ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins 2018 muni nema 85, 4 milljónum. En visulega geta komið upp aðstæður sem breyta því. Áætlað er að 121 milljónum verði varið í fjárfestingar. Er þar langstærsta verkefnið áðurnefnd gatnagerð.

Einnig er ætlunin að standa fyrir borun eftir heitu vatni við Þjorsárholt. Sorþþjónustan hefur kostað sveitarfélagið mikið á síðustu árum, í raun og veru er okkur ekki heimilt að láta það viðgangast. Gjaldtöku fyrir sorþþjónustuna mun miða að því á komandi ári að greitt verði fyrir hana í takt við notkun þjónustunnar. Kostnaður við félagsþjónustu hefur vaxið nokkuð á síðustu árum og er viðbúið svo verði enn um sinn.

Breytingar í vor ?

Ekki verður umflúið að kosin verður sveitarstjórn síðasta laugardag í maí 2018. Hugmyndir hef ég engar um hverjir verða þar í framboði. Hvort þá verður endurnýjun á mannskap get ég ekki spáð neinu um. Í litlum sveitarfélögum hefur oft verið liðið nokkuð nærri kosningum þegar farið er af stað með framboðslista. Persónulega finnst mér ákjósanlegra ef menn byrja slíka vegferð í tíma. En mín skylda er í öllu falli að gera mitt besta fram á síðasta dag í mínu starfi. Hvort sá dagur rennur upp vorið 2018 eða síðar veit ég ekki. Þegar þetta er ritað er ég ekki með fararsnið í huga.



Gleðilega hátíð – hugum að börnunum.

Gleymum ekki börnunum, þau eru sjóðurinn okkar, á þeim byggir allt þegar okkar sem nú erum í fullu fjöri nýtur ekki við lengur. Við sem erum í hlutverkum uppalenda berum þá ábyrgð að skapa börnunum okkar jólahátíð sem skilur eftir sig hlýjar minningar. Ekki bara minningar um góða jólahátíð. Það á einnig við um daglega lífið. Fólk sem á góðar minningar úr æskunni og frá unglingsárum býr að því alla tíð. Það er dýmætt veganesti út í lífið að njóta góðs atlætis í uppeldinu. Samferðafólk barna og unglunga annað en foreldrar gegnir þar líka hlutverki sem ekki má vanmeta. Komum vel fram við börn og unglunga.

Ég óska ykkur ágætu sveitungar og lesendum öðrum friðsællar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.
Kristófer Tómasson



Jólaball kvenfélaganna í Skeiða og Gnúpverjahreppi

verður haldið í Árnasi 28. desember
kl 14.00. Sr. Óskar sóknarprestur,
Jón Bjarnason og jólasveinninn
kíkja í heimsókn. Fólk er beðið um
að hafa með sér kaffibrauð.

Aðgangseyrir er 1.000 kr frítt fyrir 16 ára
og yngri.

Allir velkomnir.

Nefndin.



Íbúafundur um almannavarnir !

Íbúafundur um almannavarnir verður haldinn
um miðjan janúar 2018. Þar verður m.a.
kynnt viðbragðsáætlun vegna náttúrhamfara.

Nánar auglýst síðar.

Sveitarstjóri.



Fréttir af Stóra-Núpskirkju.

Því miður er nú fyrirsjáanlegt að ekki verður hægt að messa í Stóra-Núpskirkju um komandi jól og áramót, er það vegna mikilla tafa á viðgerðum sem standa yfir inni í kirkjunni.

Eru þetta okkur í sóknarnefnd mikil vonbrigði enda gerðu áætlanir ráð fyrir að ekki yrði truflun á helgihaldi á jólum og hefði það gengið eftir, og vel það, að öllu venjulegu.

Viðgerðirnar skiptast í fjóra megin hluta, það er, viðgerð á tréverki, almálun að innan, ný raflögn og hitalögn. Tréverkið gekk mjög vel og lauk að mestu í apríl, og hófst málarinn handa í maí byrjun.

Hann hafði áætlað að verkið tæki u.þ.b. 2 mánuði, en þegar leið á sumarið og verkinu miðaði hægt og efast mátti um gæði vinnunar fór sóknarnefnd að ókyrrast og boðaði á staðinn fulltrúa Minjastofnunar 23. ágúst. Úr varð að málarinn, sem sérstaklega hafði verið mælt með og ráðinn af Minjastofnun til verksins var látinn víkja fyrir öðrum.

Á meðan beðið var eftir nýjum málara, sem ekki gat komið í verkið fyrir en í lok október, var ákveðið að klára rafmagn, sem reyndar hafði talsvert verið unnið í samhlíða öðru, og lokið var við hitalögnina.

Lokadagsetning á framkvæmdum við kirkjuna liggur ekki fyrir, en í síðasta lagi verður hún fyrir páska, næstkomandi.

Við í sóknarnefnd erum mjög sár yfir þessari stöðu, en horfum þó björtum augum til jólanna og komandi árs.

Bendum á messurnar í öðrum kirkjum prestakallsins nú um hátíðarnar og auk þess er hátíðarmessa í Skálholtsdómkirkju, á jóladag kl. 14:00.

Með ósk um gleði og frið á helgum jólum og farsæld á nýju ári með innilegu þakklæti fyrir samveruna á árinu er senn kveður.
Sóknarnefnd, Stóra-Núpskirkju, Ámundi, Daði og Kidda.

Mínum á að nýir rafmagnskassar eru í garðinum sem hægt er að nota og gjaldið er 1000,- fyrir leiðisljósið og bankanúmerið er hér meðf.

kt. 491098-3339 bnr. 0152-05-264429



52. fundur í sveitarstjórn haldinn í Árnesi, miðvikudaginn 6. desember kl. 14:00 Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Gunnar Örn Marteinsson og Halla Sigríður Bjarnadóttir. Auk þess Kristófer A. Tómassonar sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Gestur fundarins undir lið 1, Magnús Orri Shcram framkvæmdastjóri Rauðakambs ehf.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Rauðikambur ehf. - Samkomulag um uppbyggingu við Reykholt í Þjórsárdal. Lögð fram drög að samkomulagi milli Rauðakambs og Skeiða- og Gnúpverjahrepps með aðkomu Forsætisráðuneytisins um land í Þjórsárdal í þeim tilgangi að byggja upp ferðaþjónustu.

Samkomulagið er til 40 ára. Magnús Orri Shcram greindi frá hugmyndum og áformum um framkvæmdir í Þjórsárdal. Samningurinn samþykktur samhljóða með fyrirvara um samþykki Forsætisráðuneytis. Oddvita falið að undirrita samkomulagið fyrir hönd sveitarfélagsins.

2. Álagningarhlutfall fasteignagjalda 2018.

Fasteignagjöld

A-flokkur.

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,50% af heildar fasteignamati.

B-flokkur.

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1.32 % af heildar fasteignamati.

C-flokkur.

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7 febrúar 2006. Samkvæmt 3. grein þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75 % öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af örðum, tekjuviðmið er í lið 7.

Lagt er til að afsláttur á fasteignagjöldum taki breytingum frá árinu 2017 í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverð á tímabilinu 1.des 2016 til 1.des 2017. Gjald dagar fasteignagjalda 2018 verði 10 í samræmi við það sem lög og reglur heimila. Álagningarhlutfall fasteignagjalda samþykkt samhljóða.

3. Gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2018

Vatnsgjald:

Gjaldskrá vatnsveitu fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði verður óbreytt frá þeirri gjaldskrá sem í gildi hefur verið frá árinu 2012 .

Vatnsgjald er 0,20% af fasteignamati íbúðarhúsa, lóða og atvinnuhúsnæðis. Þó að hámarki 35 þúsund krónur. Vatnsgjald sumarhúsa er 27.000 kr.

Seyrulosunargjald:

Árlegt gjald fyrir losun á seyru samkvæmt samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun fráveitu vatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru verður 9.204.-kr á rotþró.

Fráveitugjald:

Þar sem holræsakerfi er til staðar á vegum sveitarfélagsins er innheimt holræsagjald, nemur gjaldið 0,25% af fasteignamati.

Miðarnir á gámasvæðin afhendast í 12 miða blokkum á hvert heimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi svo íbúar geta áfram komið og losað sig við gjaldskyldan úrgang allt að 6 m³ á gámasvæðum sveitarfélagsins þeim að kostnaðarlausu. Eins munu sumarbústaðaeigendur geta sótt miða á skrifstofu sveitarfélagsins. 1 miði ½ m³. Reiknað er með að utan afgreiðslutíma geti fólk skilað almennu rusli í smáum stíl.

Opnunartímar gámasvæðis

- Árnes þriðjudaga frá kl:14 – 16 og laugardaga frá kl:10 – 12
- Brautarholt miðvikudaga frá kl 14.00-16.00 og laugardaga frá kl: 10 - 12

Hægt verður að leigja gám frá þjónustuaðila vegna sérstakra tilefna og greiðist samkvæmt gjaldskrá . Fyrirtæki greiða ekki sérstakt sorphirðugjald heldur greiða fyrir sorp samkvæmt gjaldskrá.

Gámasvæðin taka við flokkuðum úrgangi frá fyrirtækjum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Gámasvæðin taka við Almennu sorpi, grófum úrgangi, dýrahæjum, málmum brotajárni og lituðu timbri. Á svæðinu er jafnframt tekið á móti spilliefnum, raftækjum og öðru sem telst til sorps frá heimilum og fyrirtækjum.

1. gr. Innheimta sorphirðu og sorpeyðingu

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, og nr. 149/2004 um hirðu og meðhöndlun seyru. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr. Sorphirðugjald.

a) 240 lítra tunna	28.000 kr.
b) 660 lítra tunna	39.500 kr.
c) 1.100 lítra tunna	45.000 kr.

3. gr. Sorpeyðingargjald.

Íbúðir	16.000 kr.
Sumarhús	14.000 kr.
Grá tunna 660 l	55.000 kr.
Grá tunna 1100 l	93.000 kr.
Almennt sorp 1/2 m ³	3.000 kr.
Flokkað sorp gjaldskylt ½ m ³	2.000 kr.

4. gr. Gjald fyrir dýrahæ.

Lagt á aðila með búrekstur

Gjaldflokkur 1 (mikil notkun) 120.000 kr.

Gjaldflokkur 2 80.000 kr.

Aðilar með búrekstur og ársveltu undir 5 mkr geta sótt um 40 % afslátt af gjaldi fyrir dýrahæ.

5. gr. Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er. 9.205,-

Lóðaleigugjöld:

Lóðaleigugjöld innheimtast eftir lóðaleigusamningum.

Gjaldskrá mótuneytis:

Hádegisverður til nemenda Þjórsárskóla 330,- kr.

Hádegisverður til nemenda Leikholts 270,- kr

Gjald fyrir hádegisverð til starfsmanna nemi hræfnisverði máltíða.

Gjaldskrá Þjórsárskóla:

Morgunhressing kr. 83.-

Skólavistun klst. kr. 326,-

Aukavistun klst. kr.400.-

Náðarkorter 15 mín. 600 kr.-

Gjaldskrá leikskólans Leikholts :

Vistun á kjarnatíma, frá kl 08:00-16:00 er gjaldfrjáls.

Stök morgunhressing kr. 83-

Stök síðdegishressing kr. 93-

Gjald fyrir klukkustund utan kjarnatíma kr. 2.528. fyrir 30 mínútur kr. 1.264.

Gjald fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur kr. 632.-

Gjaldskrá gatnagerðargjalda verði óbreytt frá árinu 2017.

Gjaldskrár samþykktar samhljóða.



4. Tómsundastyrkur 2018. Sveitarstjórn samþykkir að allir grunnskólanemendur og framhaldsskólanemendur frá 6 ára til og með 18 ára geti notið styrks sem nemur allt að 60.000.- kr. á árinu 2018 til að stunda íþrótt, æskulýðs eða menningarstarf. Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og /eða menntun.
5. Hluthafafundur Hitaveitu Gnúpverja. Kostun borholu.
Lögð fram fundargerð Hitaveitu Gnúpverja. Á þeim fundi var óskað eftir að sveitarfélagið komi að fjármögnun borholu við Þjórsárholt fyrir Hitaveituna. Í ljósi þess að sveitarfélagið er stærsti notandi vatns frá hitaveitu Gnúpverja hefur það hagsmuna að gæta. Ljóst er að skortur á heitu vatni hamlar uppbyggingu á lóðum sveitarfélagsins. Lán til hitaveitunnar allt að 20 milljónir króna til verkefnisins verði endurgreitt samkvæmt samningi. Samþykkt samhljóða og var sveitarstjóra falið að vinna að samningagerð um málið við Hitaveitu Gnúpverja.
6. Fjárhagsáætlun 2018-2021 loka umræða.
Sveitarstjóri greindi frá helstu atriðum fjárhagsáætlunarinnar.
Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur nemi 295 mkr.
Fasteignagjöld 211,1 mkr
Tekjur frá Jöfnunarsjóði 71,7 mkr
Rekstrargjöld samstæðu 608,2 mkr
Afskriftir 29,9 mkr
Rekstrarniðurst. A-hluta tekjur umfram gjöld 92,1 mkr
Rekstrarniðurstaða. samstæðu A og B-hluta tekjur umfram gjöld 85,4 mkr
Handbært fé frá rekstri samstæðu 113,1 mkr.
Næsta árs afborganir langtímalána 3,5 mkr.
Samhliða Fjárhagsáætlun var lögð fram fjárfestingaáætlun fyrir árið 2018. Fjárfestingar á árinu eru áætlaðar fyrir 121,1 mkr. Stærsta fjárfestingaverkefni er gatnagerð í Brautarholts og Árneshverfum 102,6 mkr að frádregnum 14 mkr sem þegar hafa verið greiddar auk tekna af gatnagerðargjöldum 9,5 mkr. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018-2021 borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða
- Fjárhagsáætlun 2019-2021. Sveitarstjóri lagð fram fjárhagsáætlun 2019-2021. Skatttekjur eru áætlaðar þær sömu samtals, en reiknað er með að útsvarstekjur minnki en tekjur af fasteignagjöldum aukist um hliðstæðar upphæðir. Framlög úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru áætlaðar þær sömu árin 2019-2021 og árið 2018. Ef ekki kemur til lækkunar útsvars er áætlað að rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði verði 82.393 þkr árið 2019, 85.512 þkr árið 2020 og 88.387 þkr árið 2021 Ekki er tekið tillit til verðlagsbreytinga. Áætlað er að heildarvirði eigna vaxi og muni nema 1.1132. þkr í lok árs 2021. Útlit er fyrir að handbært fé hækki frá ári til árs og verði komið 118.172 þkr í lok árs 2021.
Fjárhagsáætlun 2018 og fjárhagsáætlun 2019 til 2021 samþykkt samhljóða.

	Upphafli áætlun þkr	Hækkun skv viðauka 1 07.06.17	Hækkun viðauki 2	
01 Skatttekjur				
11 Útvar	- 243.877	- 16.123	- 17.000	- 277.000
10 Jöfnunarsjóður	- 64.156		5.934	- 70.090
samtals tekjuaukning			- 22.934	
Breyting á útgjöldum				
Málafli/lykill	upphafli áætlun þkr		Hækkun	eftir viðauka
02. Félagsþjónusta				
0251 málefni fatlaðara	5.647	3.423		
03 Heilbrigðismál				
4990 Heilbrigðiseftirlit	468		132	600
04 Fræðslumál				
4211 Þjósárskóli				
1010 Launakostnaður	81.980	7.300		89.280
4112 Leikskóli				
1010 Launakostnaður	55.151		12.199	67.350
2000 Vörukaup	2.250		750	3.000
05. menningarmál				
560 Félh. Árnes				
1010 Launakostnaður	2.598		800	3.398
06. æskulýðs- og íþróttamál				-
621 Vinnuskóli	2.285		1.049	3.334
07. Bruna- og almannavarnir				-
3711 samstarf sveitarfélaga	15.852		2.808	18.660
08. Hreinlætismál				-
2990 Sorphreinsun	11.483		2.700	14.183
21. sameignilegur kostn				-
1010 Launakostnaður	39.475		600	40.075
3332 Endurskoðun	5.407		900	6.307
Samtals hækkun málaflokka		10.723	21.938	
Nettóáhrif breytinga reksturs málaflokka			- 996	

**Breytingar á fjárfestingaáætlun.
Eignasjóður**

Fjárfestingaáætlun		Breyting frá viðauka 1. 7 júní 2017			
Eignasjóður A	upphafll áætl	Viðauki 1	Viðauki 2		
Iðnaðarhúsnæði	5.985				5.985
Brautarholt	3.000				3.000
Skeiðalaug	2.000	-2000			
Vegakerfi	24.000		9.000	15.000	
Fjallaskálar	1.000				1.000
Skólabíll		3.800	200	4.000	
Samtals A	35.985	1.800	8.800	28.985	
Eignasjóður B					
Fráveita	5.000	25.000	13.000	43.000	
Leiguíðbúðir	10.000		10.000		
Samtals A og B	50.985	26.800	5.800	71.985	
Samtals	eftir viðauka 1	77.785			
Samtals	eftir viðauka 2	71.985			
Lækkun fjárfestingar		5.800			

Viðaukar lagðir fram og á sveitarstjórnarfundi 6. desember 2017
Kristófer Tómasson sveitarstjóri.

9. Fossá í Þjórsárdal. Erindi frá Laugardalsá ehf. Lagt fram erindi frá Laugardalsá ehf undirritað af Guðmundi Atla Ásgeirssyni. Laugardalsá ehf hefur verið leigutaki Fossár síðastliðin ár. En leigutímabilið er nú útrunnið. Leigutakar Fossár óska eftir því að samingurinn um leigu árinna verði framlengdur um þrjú ár. Sveitarstjórn hafnar ósk leigutakanna um framlengingu sammingsins og samþykkir jafnframt samhljóða að bjóða út veiðiréttinn til þriggja ára. Sveitarstjóra falið að annast undirbúning útboðs í samráði við Skógræktina og Forsætisráðuneytið.

10. Landsvirkjun. Skipulagsmál Hvammsvirkjunar. Lagt fram bréf frá Landsvirkjun undirritað af Ólöfu Rós Káradóttur og Óla Grétari Blöndal Sveinssyni. Í bréfinu er till kynnt um frestun á vinnu við deiliskipulag við Hvammsárvirkjun. Ennfremur kemur fram í bréfinu að stefnt sé að því að vinna við deiliskiðulagið hefjist að nýju á miðju ári 2018 eða þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir og Úrskurðarnefnd umhverfis – og auðlindamála hefur skilað úrskurði í þessum efnun. Lagt fram og kynnt.
11. Landsvirkjun. Verkefni-samstarf- skipun í vinnuhóp. Lagt var fram bréf frá Landsvirkjun, undirritað af Herði Arnarsyni forstjóra, þar er til kynnt að Landsvirkjun hafi skipað tvo fulltrúa í samráðsnefnd til að fjalla um virkjanamál og aðkomu ferðmanna að Búrfellsskógi og Búrfellstöð. Þess er óskað að Skeiða- og Gnúpverjahreppur tilnefni tvo fulltrúa í sama hóp. Samþykkt samhljóða að tilnefna Gunnar Örn Marteinsson og Skafta Bjarnason sem fulltrúa í hópinn.
12. Íþróttasamstarf við Hrunamenn. Lagt fram bréf undirritað af Árna Þór Hilmarssyni. Þar er hvatt til samstarfs um íþróttastarfs í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Óskað er eftir að fulltrúi verði tilnefndur af því tilefni. Samþykkt að tinfna Gunnar Sigfús Jónsson á Stóra- Núpi sem fulltrúa sveitarfélagsins.

Fundargerðir.

13. Fundargerð 145. Fundar Skipulagsnefndar. Mál nr 4 þarfnast afgreiðslu. Skeiða- og Gnúpverjahreppur Réttarholt land lnr 189447: Sæluvellir/ Sælugrund: Íbúðarlóð og frístundalóðir: Deiliskipulag - 1711033
Lögð fram umsókn Gunnlaugs Skúlasonar og Renötu Vilhjálmsdóttur dags. 7. nóvember 2017 um deiliskipulag sem nær til lóðarinnar Réttarholt land 189447. Lóðin er um 4,2 ha að stærð og skv. tillögunni er gert ráð fyrir 4 frístundahúsalóðum og einni lóð fyrir íbúðarhús, hesthús og gróðurhús. Gert er ráð fyrir frístundahúsalóðirnar fái heitið Sælugrund og íbúðarhúsalóðin Sæluvellir. Í umsókninni kemur fram að óskað er eftir að leitað verði eftir undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar vegna fjarlægðar fyrirhugaðra frístundahúsa frá Gnúpverjavegi sem er tengivegur. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að áður fái undanþága frá ákvæðum gr. 5.3.2.5 d í skipulagsreglugerð varðandi fjarlægð mannvirkja frá stofn og tengivegum. Einnig er gerð krafa um að byggingarreitir fari ekki nær þjóðvegi en 50 m.
14. Skýrsla um starfsemi bókasafns SKOGN. Lögð fram skýrsla frá Jóhönnu Lilju Arnardóttur bókaverði um starfsemi bókasafns.
15. Fundargerð Skólanefndarfundar- Grunnskólamála. Fundargerð lögð fram og kynnt.
16. Fundargerð Skólanefndarfundar – Leikskólamála. Fundargerð lögð fram og kynnt.

17. Fundargerð Héraðsnefndar Árnésinga. Fundargerðir lagðar fram og kynntar. Fjárhagsáætlanir aðildarstofnana Héraðsnefndarinnar lagðar fram í fundargeðrunum. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlanirnar fyrir sitt leyti.

Umsagnir og samningar.

18. Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á hálendinu. Lagt fram og kynnt.

19. Greinargerð Orkunýtingarnefndar SASS. Beiðni um umsögn. Greinargerð lögð fram. Sveitarstjórn tekur jákvætt í greinargerðina.

20. Hólaskógur samningur við Rauðakamb. Máli frestað.

21. Samningur við Eypór um rekstur Neslaugar, þarfnast staðfestingar. Samningur staðfestur.

22. Samningur Fjölís, þarfnast staðfestingar. Máli frestað

Styrkbeiðnir.

23. Klifur - beiðni um styrk. Samþykkt að styrkja Klifur um 7.000 kr.

24. Aflið - beiðni um styrk. Samþykkt að styrkja Aflið um 15.000 kr.

25. Saman – beiðni um styrk. Beiðni hafnað.

26. Umsókn um lóðir við Árnes. Lögð fram umsókn Stellerts ehf um lóðir undirrituð af Ellert K Schram. Óskað er eftir tveimur parhúsalóðum og tveimur raðhúsalóðum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að vinna að því að undirbúa lóðir til úthlutunar.

Mál til kynningar

A. Skýrsla um sameiningarmöguleika sveitarfélaga í Árnessýslu

B. Fundur stjórnar SASS 526.

C. Fundur stjórnar Sambands sveitarfélaga nr. 854.

D. Framlög jöfnunarsjóðs.

E. Staðgreiðsluáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2018.

F. Afgreiðslur byggingafulltrúa.

G. Fundur stjórnar Sorpstöðvar nr 261.

H. Ársreikningur Sorpstöðvar 2016.

I. Valkostaskýrsla Sorpstöðvar.

J. Fundargerð Ársþings SASS.

K. Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Fundi slitið kl 18:00. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 10. janúar 2018 næstkomandi. Kl. 14.00.

Kyocera TASKalfa 250ci stór, fjölnota prentari til sölu!

Notaður, en á samt mikið eftir. Lazer - litur - prentar 25 bls. á mín. ! ☺
Umhverfisvænn — Upplýsingar í s. 486-6100 eða kidda@skeidgnup.is



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Desember 2017



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
30. nóv	1. des Árnes 18:00-20:30	2. des Reykholt 18-21
7. des Laugarvatn 18:00-20:30	8. des Flúðir 18-21	9. des Borg 18:00-20:30
14. des	15. des Brautarholt 18:00-20:30	16. des Reykholt 18-21
21. des	22. des Jólafrí	23. des Jólafrí



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Janúar 2018



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
4. jan	5. jan Flúðir 18-21	6. jan Borg 18:00-20:30
11. jan Laugarvatn 18:00-20:30	12. jan Brautarholt 18:00-20:30	13. jan Reykholt 18-21
18. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum	19. jan Þorrablót lokað í dag	20. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum
25. jan Laugarvatn 18:00-20:30	26. jan Árnes 18:00-20:30	27. jan Reykholt 18-21

Á bak við eldavélina!

Frá Oddi Guðna Bjarnasyni bónda og verslunarmanni Stöðulfelli.



Sæll Diddi minn nú hittir þú naglann á höfuðið, sennilega er svolítið líkt á komið fyrir okkur, við ólumst ekki upp við það að þurfa að hugsa mikið um matargerð, það var sjálfsagður hlutur að mæður okkar væru tilbúnar með matin á réttum tíma.

Ég legg mikla áherslu á hollan og staðgóðan morgunverð sem heldur manni gangandi allan daginn. Hef það á tilfinningunni að margir hugsi ekki nóg um þetta. Því ætla ég að leggja til gamla og góða uppskrift af hollum morgunverði:

- 1 bolli haframjöl.
- 3 bollar vatn.
- 1 teskeið fint salt.



Aðferð: haframjölið og vatnið lagt í pottinn kvöldið áður þannig að þetta samlagist yfir nóttina, eldist við góðan hita í 10 mínútur og hræra vel í pottinum á meðan eldun stendur yfir. Þetta er uppskrift fyrir tvo.

Með þessum yndislega graut er frábært að borða vel súrt slátur. Gallinn er að erfitt er að fá góða mysu sem sýrir mat nógu vel en þessu er hægt að bjarga.

Að gera góða geymslusýru er gott að setja eina 500 g. dós af hreinu KEA skyri í 2 l. mysu þessi blanda geymist mjög vel og maturinn alltaf góður. Svo fær maður sér góða kaffibolla á eftir og deginum bjargað.

Verði ykkur að góðu!!!

Svo vil ég skora á hann vin minn Viðar matgæðing í Ásum að vera með næstu uppskrift.




Jóla og áramótakveðjur til allra.
Oddur á Stöðulfelli.



Lífsferill gallabuxna!

Hér er lífsferill gallabuxna sýndur á blaði og þetta er ferli þess fatnaðar sem framleiddur er úr bómull en hún er rækuð úti í náttúrunni.

Lífsferill gallabuxna



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Einföld rúllugreip Frábært verð



Kr. 79.251 m/vsk

Rúllugreip sem tekur tvær rúllur
Með glussatjökkum til að færa arma inn og út



Tilboðsverð kr. 275.000 m/vsk

Hliðgrindur

Margar stærðir - frábært verð



Rúllugjafahringir

Fyrir
sauðfé,



Verð kr. 28.715

SUEVIA Brynningarskálar - Vatnskör



Hringgerði

- 10 stk. Grindur 3,0 x 1,52 m
- 1 stk. Hlið fyrir hringgerði 1,58 m
- 11 stk. Tengipinnar

Þetta hringgerði er 10 metrar í þvermál
Hægt er að stækka og minnka eftir þörfum

Verð kr. 311.364 m/vsk



LANDSTÓLPI

Egilsstöðum - 471 1901



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486 5500

Neslaug

Open - Winter:

Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00

Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00

Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.

Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.

Opíð í Neslaug á Þorláksmessu og 30. desember
kl. 13:00 - 18:00!

Skeiðalaug

Open - Winter:

Mánudaga Mon. 18:00-22:00

Fimmtudaga Thu. 18:00-22:00

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar

Jólabað í Skeiðalaug!

Skeiðalaug verður opin á aðfangadag kl.11:00 -15:00

Tilvalið tækifæri til að minnka biðraðir á baðherbergið

heima fyrir. Kaffi og djús ásamt piparkökum í boði hússins!

Frítt í sund. ☺

Svo koma jólin!

Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga
eythorb@gmail.com

